

**Ed.**

### **338. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

#### 1. gr.

Á eftir 1. málsg. 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hafa frystihús keypt sild til beitufrystingar fyrir misjafnt verð, og er þá ráðherra heimilt að ákveða verðjöfnun á beitusildinni. Beitunefnd skal annast frainkvæmd þessarar verðjöfnunar samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra. Frystihúsum er skylt að láta beitunefnd eða Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir og innkaupsverð á sild til beitufrystingar, og getur ráðherra, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Ráðuneytið hefur óskað þess, að nefndin flytti frv. þetta. Hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að koma fram með breytingar eða fylgja breytingum, sem fram kynnu að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Beitunefnd hefur óskað eftir því við atvinnumálaráðuneytið, að sett yrðu ný ákvæði inn í lög nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, þess efnis að heimila ráðherra að ákveða verðjöfnun á beitusild. Beitunefndin gerir eftirfarandi grein fyrir nauðsyn þessa máls.

Svo sem kunnugt er, hefur öflun beitusildar á undanförunum árum að langmestu leyti verið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sild þá, sem veiðist fyrir Norðurlandi á sumarmánuðunum og fryst er til beitu, en það mun láta nærri, að hér sé um að ræða tæplega  $\frac{1}{3}$  hluta allrar þeirrar beitusildar, er notað þá fiskibátaflotans krefst. Hins vegar er um að ræða reknetasildina, sem veidd er í Faxaflóa og suður af Reykjanesi á síðsumar- og haustmánuðum, og loks nú tvö síðustu árin Hvalfjarðarsildina, sem veidd er í herpinót og allmikið hefur verið fryst af til beitu.

Eins og að líkum lætur, hefur verð á þessum beitusildarflokkum orðið afar misjafnt. Norðurlandssildin er að sjálfsögðu dýrust, ekki sízt vegna þess, að flytja verður hana langar leiðir frá frystihúsum til notkunarstaða. Í næsta verðflokknum verður sildin, sem veidd er í reknet í Faxaflóa, og svo loks herpinótasildin úr Hvalfirði, sem er langsamlega ódýrust, en sambærileg við aðra Faxasild að gæðum.

Með hliðsjón af þeirri sildveiði, sem fengist hefur í Hvalfirði og Kollafirði undanfarin tvö ár, telur beitunefndin litlar líkur fyrir því, að bátar verði gerðir út til beitusildaröflunar í reknet eða að frystihús fái til frystingar á beitusild við Faxaflóa á sumar- og haustmánuðum, nema jafnframt sé tryggð sala þessarar sildar jöfnum höndum til fiskibáta sem þeirrar sildar, er síðar kann að veiðast á árinu og fæst til frystingar með miklu minni tilkostnaði og þar af leiðandi fyrir lægra verð. Hins vegar lítur beitunefndin þannig á, að ekki sé forsvaranlegt vegna afkomu fiskibátaflotans að gera ekki allar hugsanlegar ráðstafanir timanlega á hverju ári, sem fyrirbyggja það, að beitusildarskortur verði á vetrarvertíðinni. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að afla beitusildar fyrir Norðurlandi á sunrin og í reknet við Faxaflóa á síðsumar- og haustmánuðum, á meðan ekki er fengin frekari vissa fyrir því, að treysta megi á sildveiði í Hvalfirði eða Kollafirði á hverju hausti.

Með tilvísun til framanritaðs og þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er hjá beitunefnd í þessum efnun, telur hún verðjöfnunarleiðina á beitusild vænlegasta til að tryggja hvort tveggja í senn: öflun beitusildar og dreifingu áhættunnar.